

Rabbað við Veturliða á sýningu hans í Kjarvals- stöðum



Veturliði með Ingunni dóttur sinni.

„Þessi sýning er fyrir dóttur mína og ungu kynslóðina“

„Þessi mynd er máluð undir Djúpalónssandi í Dritvík þegar hún kvöldsins var að leggjast að,“ sagði Veturliði og benti á myndina við borðið, sem við sátum við í vestursal Kjarvalsstaða. Íslensk stemning úr myndum Veturliða sveif yfir, en flestar þeirra liðlega 70 mynda, sem eru á sýningunni eru gerðar með pastellitum. Sýning Veturliða verður opin til sunnudagskvölds. Hann hafði selt nærri 40 myndir á fyrstu tveimur dögum og þær voru líka á verði fyrir fólk.

Flestar myndanna voru af svipadri stærð, u.þ.b. 70x70 og ég spurði Veturliða hvað þær kostuðu. Þær kosta 35 þús. kr. flestar pastelmyndirnar svaraði hann og ég lét í ljós þá skoðun mína, að það væri gott verð. Ingunn, 9 ára

dóttir Veturliða, sagði þá, að sér þætti það alveg nógu dýrt, það væri bara þrjú hjólverð.

Ingunn Susie er 9 ára gömul. „Verð 10 í júlí,“ sagði hún og geislaði af lífsgleði. „Passaðu þig nú að segja alveg rétt frá, pabbi, og eitthvað fallett og gott,“ sagði hún.

Ég spurði Veturliða hvenær hann hefði málað þessar myndir, því það er varla ár síðan hann var með liðlega 100 mynda sýningu í Norræna húsinu.

„Þær eru flestar frá síðasta ári, en unnar eftir gömlum skissum. Þó eru þær allt frá 1952. Þetta er þó engin yfirlitssýning og ég þurfti ekki að fá neina mynd lánaða þessi sýning er fyrst og fremst fyrir dóttur mína. Þótt enginn hefði komið til að sjá hana

nema hún, þá hefði ég verið ánægður, nú og svo er hún einnig fyrir ungu kynslóðina og auðvitað úthlutunarnefnd til þess að þeir sjái í hvað allir peningarnir fara.“

Veturliði var svolítið síðbúinn að hengja upp, en þetta small nú allt saman og meira að segja byrjaði hann að selja áður en sýningin var opnuð. Vestur-Þjóðverji kom í salinn þegar verið var að hengja upp og féll algjörlega fyrir einni myndinni. Hann spurði Veturliða hvort hann gæti keypt hana á stundinni og farið með hana. Veturliði sagði, að það væri sjálfsagt, því hann ætti nóg af myndum í aðra sýningu niðri í kjallara hússins. Þjóðverjinn dró þá upp bunka af erlendum peningsæðlum og rétti Veturliða. Veturliði spurði svona af rælni hvort þessir stóru peningar væru í gildi. Þjóðverjinn kvað svo vera og þar með gekk hann á braut með mynd Veturliða út í heim, en listamaðurinn hengdi nýja mynd upp á önglana.

„Ég var í hálfgerðum vandræðum með boðskortin,“ sagði Veturliði, „maður hefur ekki bæði tíma til þess að búa til mannkynssöguna og skrifa hana.“

„Segðu nú eitthvað fallett, pabbi,“ skaut Ingunn inn í.

„Ég segi það, Ingunn mín, að þú ert mesta listaverkið, sem ég hef gert og þú ert ekki til sölu.“

Ingunn sagði okkur nú háalvarleg að hún væri nýtrúlofuð og vissi meira að segja hvað kærastinn hét. Hún sagði, að þau hefðu ákveðið að gifta sig þegar hún væri orðin 22 ára gömul og kaðst meir að segja vera búin að ákveða hvernig brúðarkjöllinn ætti að vera.

„Hann kom á sýninguna hérna í gær, kærastinn minn,“ sagði hún við mig, „og pabbi leit ekki einu sinni á hann. Heldurðu að það sé? En hann vissi nú kannski ekki hver hann var?“

Ég mundaði nú myndavélina og Ingunn spurði hvort það ætti að fara að mynda þau. Ég játti því. Hún lagaði hárið sitt og leit síðan á pabba sinn og sagði: „Ettlarðu að láta mynda þig í þessari peysu. Ekki myndi ég gera það. Þú átt að fá þér fína skyrtu og flauelisföt, hatt, staf og yfirskegg. Einhvern tíma skaltu gera það.“

„Viltu að ég sé eins og kvikmyndaleikari,“ sagði Veturliði og brosti við frjálsligri dóttur sinni. Hún gaut augunum til hans brosi andi og svaraði honum brosi með spurningu: „Ertu það ekki, pabbi, ertu ekki leikari?“

Við stöldrúðum við gamla mynd eftir Veturliða og listamaðurinn tók til máls: „Mér finnst að menn ættu að gera meira af því að sýna myndir frá ýmsum tímabilum á hverri sýningu. Það er forvitni-

legt að skoða þróunina. Annars hefði ég viljað sýna nokkrar myndir eftir hana Ingunni, hún á myndir í heila sýningu, en það verður að bíða betri tíma, það vantar stærra hús og íburðarmeira loft.“

Við innganginn í salinn hangir mynd, sem sýnir í stórum dráttum grjóttvegginn, sem Veturliði gerði s.l. sumar í samkomusal Arbæjar-skólans. Sú veggmynd er nærri 30 fm og Veturliði býður fólki einnig að skoða þá mynd, sem gerð er úr íslensku grjóti frá fjölmörgum stöðum á landinu.

„Það er fyrst núna þessa dagana, sem hægt er að sýna þá mynd,“ sagði Veturliði, „því ljós-

in við myndina eru nýlega fullgerð. Það er svo mikið við að vera í salnum alltaf, að það er sjaldnast hlé á. Þar eru samkomur skólans og hverfisins guðsþjónustur, hljómléikar og fleira. Fólk verður bara að fara til messu til þess að sjá myndina.“

„Er ekki annar veggur í bígerð?“

„Nú fyrst tel ég mig hafa reynslu til að taka að mér annan vegg. Mig langar að skreyta opinbera byggingu og geymi til þess kynstur af steinum. Ég vil gleðja litil börn með því að sýna þeim fallega steina.“

Éf maður hefði góða vinnuástöðu og góðan starfsstyrk, væri ekkert meira ævintýri en fást við slíkt verkefni.“

„Getur þú lesið þessa ægilegu skrift þína,“ spurði Ingunn mig og horfði óttaslegin á blaðið, sem ég punktaði niður á. Ég játti því. „Stundum skrifa ég líka svona illa,“ sagði Ingunn, „þegar ég er að stríða kennaranum mínum.“

„Það er gaman þegar skriftin getur verið eins og fallett skautasvell á góðviðrisdegi,“ sagði Veturliði og sveiflaði hendinni.

„Það er blússandi stemmning í þessum myndum,“ sagði ég.

„Ég fer nú bráðum að trúa þessu,“ sagði Veturliði, „ég hef að minnsta kosti ekki lesið neinar skammir ennþá. Annars skipta þeir mig litlu sem þola ekki myndirnar mínar, heldur hinir, sem gleðjast yfir þeim. Fólk er þá ekki betur gefið en svo að það hefur keypt af mér 40 myndir og margir hafa boðað komu sína.“


„Hvað vilt þú segja um sýninguna, Ingunn,“ spurði ég.

„Ég er bara ánægð með sýninguna hans pabba míns.“


„Eins og ég sagði þér,“ hélt Veturliði áfram, „þá eru flestar myndanna gerðar eftir gömlum skissum. Maður sér skissurnar á annan hátt þegar maður fer að geyma þær og gleyma smærri atriðunum. Þá verður stemmningin eftir og aukaatriðin fljóta út með yfirfallinu, fá skólafrí. Maður gerir þannig nýtt úr þessu gamla.“

„Er það svona eins og að þrjóna utan um gamalt herðatré þegar það er orðið gamalt og slitið. Þá er hægt að bæta úr því með þrjónlesinu,“ sagði Ingunn, en vissi ekki

Framhald á bls. 27.



Ingunn fékk að velja sér eina mynd á sýningunni og hún valdi þessa gömlu mynd frá Súgandafirði.



Skip í Nausti.



Bátar, himinn og haf.



Frá Bolungarvík